

1912
Sonur Jesú.

Svar til spyrjanda í »Visi«.

Í ræðu minni síðastliðinn sunnudag sagði jeg, að Kristur mundi hafa átt son. Ritningarstaðurinn, sem jeg byggi þessa ætlun mína á, er í 13. kap. postulasögunnar, og og segir þar svo: »Og er þeir (Páll postuli og fleiri) höfðu farið um alla eyrna til Pafos, hittu þeir fyrir töframanin nokkurn, falsspámann, Gyðing, Bar-Jesús að nafni.»

Orðið Bar þýðir sonur, og maðurinn er því ekki nefndur »skirnarnafni« sínu, heldur sonur föður síns, sonur Jesú. Þetta verður varla óörúvíst skilið en svo, að Jesús, faðir þessa spámanns, hafi verið frægur maður, og líklega meiri spámaður en sonurinn; og að þessi Jesús hafi einmitt verið spámaðurin Jesús frá Nazareth, virðist mér miklu líklegra heldur en að það hafi verið einhver annar Jesús spámaður. Hinum postulunum var víst ekkert um Pál postula framan af, og ekkert virðist undarlegt í því, þó að sonur Jesú væri ekki vingjarnlegur við Pál postula, sem svo hefntúðlega hafði ofsótt lærisveina Krists, og eins og brjefin sýna, kenndi ýmislegt annað ein Kristur hafði kent.

Páll postuli jós yfir þennan mann skömmum, kallaði hann djöfuls son og óvin alls rjettætis; og er ekki að sjá, að ástæðan hafi verið önnur en sú, að rómverski landstjórinn hafði meiri mætur á syni Jesú, heldur en á Páli, líkt og herforingjum um Pilatusi leist betur á Krist, sem sennilega hefur verið manna »mestur og sterkastur«, heldur en á Gyðingana, mótstöðumenn hans, þó að hann yrði undan að láta, þegar hót að var með keisaranum; sá keisari hét Tiberius, og þar var ekki við lamb að leika sjer.

Eins og kunnugt er, tókst Páli (eða svo virðist mér líklegast) að dálejða svo þennan son Jesú, að hann varð um tíma sjónlaus; en landstjórinn komst á þá skoðun, að Páll mundi vera töframaður meiri.

Ekki get jeg gert mér grein fyrir, hvernig á því muni hafa staðið, að sonur Jesú varð að lúta í lægra haldi fyrir Páli. En það er í góðu samræmi við, að sjálfur Kristur hafði ósigur beðið fyrir heimsku og fligirni samtíðarmanna sinna. Og ekki einungis sjálfur hann var sigraður, heldur einnig kenning hans; í kirkjunni, sem stofnuð var, ríkti ekki andi þess manns, sem sagt hafði: sannleikurinn mun gera yður frjálsa; að svo lítið varð um frelsi í kirkjunni, bendir til þess, að þar hafi ekki verið mikið um sannleik. Og ekki er ófrelsið minst, þar sem kirkjan nefnir sig fríkirkju, eins og í Ameríku.

Það hefði getað orðið söguþefni fyrir Anatole France þetta, að einn af postulunum kallar son Jesú djöfuls son og óvin alls rjettlætis, og vinnur honum mein með kraftaverki. Vitanlega var Páll ólíkastur Kristi af postulunum, en Jóhannes líkastur. Pjetur postuli virðist hafa verið kappi mikill og rammaukinn ofsamaður í skapi. Það er nógu undarlegt að sjá, hvernig þessi lærisveinn manniðarhetjunnar miklu, fer með Ananías og Safíra, ef það er rjett, sem mjer virðist, að hann hafi drepið þau með nokkurs konar dáleiðingu. Og þó að þessi hjón hafi nú orðið bráðkyðodd af tilviljun, þá minnir samt framkoma postulans of mikið á það miskunnarleysi, sem svo oft var síðar sýnt af þeim, sem kölluðust sitja á stóli Pjeturs. En þrátt fyrir þetta má þó telja víst, að Pjetur postuli hafi verið drengur góður innan um, og Sturla Þórðarson lögmaður, sögu-ritarinn mikli, hafði mestar mætur á Pjetri allra postulanna, sennilega af því að það var hann, sem brá sverði, eins og kunnugt er, og ætlaði að verja sinn höfðingja.

28. nóv.

Helgi Pjeturss.